

Nd.

## 116. Frumvarp

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Jóni Þorleifi Jósefs-  
sýni skirteini til vélstjórnar á íslenskum skipum.

Flutningsm.: Jón Ólafsson.

### 1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Jóni Þorleifi Jósefsýni vél-  
stjóra skirteini til þess að vera vélstjóri á gufuskipum og mótorskipum, sem  
ganga á fiskveiðar, og til þess að vera 1. vélstjóri á öðrum skipum með allt að  
200 hestafla vél og til þess að vera 2. vélstjóri á öllum öðrum skipum.

### 2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar þegar er þau hafa hlotið staðfestingu  
konungs.

### Greinargerð.

Í frv. þessu er farið fram á það, að Jóni Þorleifi Jósefsýni verði veitt  
sömu réttindi sem hann hefir eftir norskum lögum til vélstjórnar á norskum  
skipum, enda þótt hann hafi ekki lokið prófi hér á vélstjóraskóla.

Umsækjandinn, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, er fæddur að Hris-  
um í Helgafellssveit 24. ágúst 1889. Frá 1. jan. 1908 til 1. júlí 1909, eða 18 mán-  
uði, var hann við járnsmiðanám hér í Reykjavík. Síðar fór hann til Noregs og  
var þar allmörg ár. Hálf 3. ár vann hann í Stavanger Traadstifefabrik og í  
Rosenbergs mekaniske Verksted. Árin 1910 og 1911 var hann nálægt 12½ mánuð  
kyndari á ýmsum gufuskipum. Árin 1915 og 1916 var hann „donkymaður“ á gufu-  
skipum. Síðara hluta ársins 1918 var hann aftur kyndari á gufuskipi 6 mánuði  
tæpa. Auk þess hefir hann nærfellt 4 ár unnið í verkfræðadeild (Ingeniörvæsen)  
Stavangerbæjar, bæði að vélstjórn, vélaviðgerð og í járnsmiðju bæjarins.

Síðan 1920 hefir hann lengstum verið vélstjóri á íslenskum fiskiskipum,  
þar af 2. vélstjóri á h/v. „Rán“ 35 mánuði, 2. vélstjóri á h/v. „Walpole“ 10 mán-  
uði og 2. vélstjóri á h/v. „Ýmir“ 17⅔ mánuði, eða samtals nærri 6 ár og 4 mán-  
uði. Auk þess var hann 2. vélstjóri á h/v. „Skúla fógeta“ í Englandsferð í des-  
ember 1930 og 1. vélstjóri á tveimur smærri gufuskipum. Hefir hann jafnan  
orðið að leita undanþágu samkvæmt 16. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, og lögum  
nr. 14, 16. júní 1926.

Umsækjandinn hefir hvarvetna reynzt mjög vel í starfi sínu, bæði um  
þekkingu á því og um vilja til þess að rækja það vel, samkvæmt vottorðum allra  
þeirra, sem hann hefir unnið hjá. En aðstaða hans gerir atvinnu hans stopula og  
óvissa, með því að undanþága samkvæmt áður nefndum lögum er bundin því  
skilyrði, að vöntun sé á vélstjórum, sem fullnægi skilyrðum gildandi laga um

véltjórn. Þar sem viðkomandi er ómótmælanlega að öllu fær um véltjórn slíka sem í 1. gr. frumvarps þessa getur, virðist fullkomlega rétt að veita honum hér sama rétt til véltjórnar sem hann hefir samkvæmt norskum lögum í Nor-egi, enda mun enn vera og mun verða enn um hríð skortur á mönnum með ís- lenzku véltjóraprófi samkvæmt gildandi lögum.